



SJÁLFSMATSSKÝRSLA

2024-2025

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Um skólann.....	2
Vinna Sjálfsmatsnefndar	3
Tillögur og ábendingar nefndarinnar vorið 2025	3
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	3
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð.....	3
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	4
Þáttur 4: Húsnæði, aðbúnaður, fjarnám og lykilárangur.....	4
Skólafundur 9. október.....	5
Gæðastefna og gæðamarkmið	5
Samantekt á annarri rýni.....	7
Rafræn þjónustukönnun	7
Kennslumat skólaársins 2024-2025.....	7
Stofnun ársins.....	7
Endurvottun á fjarnámi skólans vorið 2025	7
Þjóðfundur 21. maí.....	8
Tölfræðileg rýni	8
Auglýsingaátak 2023.....	9
Mætingarhlutfall	9
Fjöldatölur eftir námsbrautum.....	10
Opin stúdentsbraut	12
Þróun á kennslumagni í FÁ.....	14
Erlend tungumál önnur en enska	14
Raungreinar	15
Stærðfræði	16
Listgreinar.....	17
Íslenska sem annað tungumál	21
Viðskiptagreinar	22
Félagsgreinar, saga og sálfræði	23
Fornám	25
Samantekt á kafla um kennslumagn	25
Brottfall og tilfærsla á milli anna	26
Markmið skólaársins 2024/2025 kjarnastarfsemi – (umbótaáætlun)	27

Aðgerðir skólaárið 2024/2025 í kjarnastarfsemi (umbótaáætlun) voru:	27
Mælikvarðar skólaársins 2024/2025 (kjarnastarfsemi).....	28
Lokaorð.....	31
Verk- og framkvæmdaáætlun innra mats 2025-2028.....	32
Viðauki A: Gátlistar	34

Inngangur

Framhaldsskólum ber lögum samkvæmt að ástunda innra mat. Því er ætlað að veita upplýsingar um skólastarfið, tryggja að skólastarfið sé í samræmi við lög og reglur, auka gæði þess og standa vörð um réttindi nemenda. Fjölbrautaskólinn við Ármúla (FÁ) hefur falið gæðastjóra að annast umbótastarf í samstarfi við sjálfsmatsteymi skólans.

Nokkur uppstokkun var á sjálfsmatsteyminu en fjórir nýir fulltrúar komu inn (Brynja, Þóra, Vigdís og Jenný):

- Brynja Guðmundsdóttir (fulltrúi nemenda)
- Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage (fulltrúi nemenda)
- Inga Lára Pétursdóttir (fulltrúi annarra starfsmanna)
- Kristján Páll Kolka Leifsson (félagsfræðikennari)
- Þóra Kristín Sigvaldadóttir (forstöðumaður bókasafns og fulltrúi stoðdeilda)
- Jenný Steinmarsdóttir (fulltrúi foreldra)
- Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir (félagsfræðikennari, félags- og umhverfisfulltrúi)
- Unnar Þór Bachmann (gæðastjóri)
- Þórunn Sigurðardóttir (heilbrigðisgreinakennari)

Nefndin hittist fjórum sinnum á vorönn 2025: 11. febrúar, 4. mars, 18. mars og 8. apríl. Á fundum nefndarinnar var umræðan út frá gátlistum eins og á undanfarin ár. Gaf nefndin skólastarfinu einkunnir eftir listunum og tók saman atriði yfir styrkleika og tækifæri til úrbóta. Fundarstjórn var í höndum gæðastjóra en fundarritari valinn á hverjum fundi.

Einkunnagjöf sjálfsmatsteymisins má finna í viðauka A eins og í skýrslu síðasta skólaárs. Vinnulag var með sama hætti og áður. Gögnum var dreift og til funda var boðað í gegnum Sharepoint-vinnusvæði nefndarinnar. Einkunnagjöf var gefin í gegnum Microsoft Forms og gæðastjóri vann úr spurningum nefndarinnar milli funda. Frá og með vorinu 2026 verður unnið út frá nýjum og gátlistum frá ráðuneyti.

Kennslukannanir voru framkvæmdar í fjar- og dagskólanámi haustið 2024 og vorið 2025. Þá var þjónustukönnun lögð fyrir haustið 2024 og var sérstaklega spurt út í bókasafn, námsráðgjöf og Setrið. Afar góð þátttaka var í kennslukönnunum á skólaárinu og einnig í þjónustukönnuninni eða um og yfir 60%. Skólafundur var 9. október þar sem kennarar og nemendur ræddu saman um ýmis mál.

Hluti af innra mati er að rýna tölfræðigögn. Í skýrslunni í ár er farið í ýmsa tölfræði, meðal annars:

- Auglýsingaátak 2023
- Mætingarhlutfall

- Fjöldatölur eftir námsbrautum
- Opna stúdentsbraut
- Þróun í kennslumagni og brottfallsrannsókn

Í skýrslunni er ofangreindum þáttum gerð skil en einnig farið yfir helstu markmið skólans sem er að finna í gæðamarkmiðum og þriggja ára áætlun skólans sem allar ríkisstofnanir skila á haustin byggt á 31. Grein laga um opinber fjármál.

Um skólann

FÁ var stofnaður árið 1981 og er einn stærsti áfangakerfisskóli landsins hvort sem litið er til dagskóla eða fjarnáms. Við skólann er sérnám og fornám auk 15 námsbrauta í stúdents- og starfsnámi. Þá er skólinn langstærsti fjarnámsskóli landsins. Í dagskóla eru 800-900 nemendur á vorin og haustin en um 1000-1600 í fjarnámi sumar, vor og haust.

Nemendur skólans koma af öllu landinu en flestir úr Reykjavík og öðrum sveitarfélögum af Höfuðborgarsvæðinu. Um fimmtungur nemenda hafa annað móðurmál en íslensku. Kjörorð skólans eru fjölbreytni, virðing og árangur.

Við skólann er rekið afar öflugt listnám sem er í sífelldum vexti á nýsköpunar- og listabraut. Margir nemendur í stúdentsnámi velja að leggja stund á listgreinar, sérstaklega þeir sem eru á opinni braut.

Skólinn leggur mikið upp úr stuðningi við nemendur með öflugu almennu umsjónarkerfi, námsráðgjöfum, þroskajálfum, sálfræðingi og hjúkrunarfræðingi. Þá fá nemendur með örðugleika við lestur, stærðfræði og skipulag sérstakan stuðning svo fátt eitt sé nefnt. Þá hafa nemendur gott aðgengi að bókasafni og námssetri (Setrinu) þar sem hægt er að fá aðstoð við heimanám. Frá og með haustinu 2023 hefur Námskraftur verið hluti af skólanum og má segja að með tilkomu hans hafi bæst enn við úrræði skólans; námskraftur er úrræði fyrir nemendur sem þurfa að styrkja sig áður en þeir koma í framhaldsskóla.

Skólinn leggur mikið upp úr umhverfismálum og fékk vorið 2025 grænfánann afhentan og því er ljóst að skólinn mun hafa grænfánann 20 ár í röð. Skólinn leggur mikla áherslu á jafnréttismál og er með gæðavottaða jafnlaunastefnu og hefur verið þátttakandi í Jafnvægisvuginni frá 2023.

Skólinn styður ríkulega við félagsstarf nemenda en við skólann starfar félagsmálafulltrúi. Einn afrakstur af því er mjög góður árangur skólans í Gettu Betur á undanförunum árum.

Skólinn leggur mikið upp úr góðum starfsanda og hefur skólinn ítrekað endað ofarlega í könnuninni Stofnun ársins á undanförunum árum. Við skólann starfar umsjónarmaður erlendra samskipta og er skólaheimsóknir til og frá útlöndum tíðar. Margir starfsmenn og nemendur hafa notið góðs af þessum samskiptum.

Vinna Sjálfsmatsnefndar

Nefndinni fannst mest um vert að benda á það sem vel er gert og hvar tækifæri eru til úrbóta, frekar en að svör nefndarinnar við gátlistanum séu túlkuð á tiltekinn hátt.

Tillögur og ábendingar nefndarinnar vorið 2025

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Styrkleikar:

- Traust til stjórnenda er gott
- Stjórnendur vinna vel í að skapa traust milli sín og starfsmanna
- Skólinn hefur áætlanir um það hvernig hann hrindir stefnu sinni í framkvæmd (sjá sjálfsmatsskýrslu 2023-2024)
- Almenn ánægja er með upplýsingagjöf stjórnenda í föstudagspóstunum
- Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í skólastarfinu
- Matskvarðar innra mats eru skýrir
- Niðurstöður innra mats eru kynntar starfsmönnum jafnóðum
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun.

Tækifæri til úrbóta

- Skólinn þarf að móta stefnu um AM-nemendur í skólanámskrá
- Tryggja þarf samráð við AM-nemendur og AM-kennara við stefnumótun og innra mat
- Samráð innan skólans mætti í einhverjum tilvikum vera víðtækara en nú er
- Skólinn þarf að virkja foreldra til starfa í foreldraráði
- Ekki er ljóst af skipuriti hvaða aðili hefur umsjón með almennri braut
- Ekki er ljóst af skipuriti hvaða aðili er tengiliður við Námskraft
- Skólinn þarf að halda betur verklagsreglur svo sem eins og með nemendaferðum
- Gæðastjóri mætti halda fleiri erindi fyrir starfsmenn um niðurstöður innra mats
- Kanna þarf líðan nemenda markvissar en nú er gert innan skólans.

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Styrkleikar:

- Skólinn hefur yfir að ráða vel menntuðum og góðum kennurum
- Skólinn aðstoðar nemendur í ríkum mæli til þess að komast í starfsþjálfun
- Skólinn notar námsumsjónarkerfið Innu vel til þess að miðla upplýsingum um kennslu og námsmat
- Rafræn námsgögn og hjálpartæki eru notuð á markvissan hátt
- Bókasafn skólans er vel búið og vel sótt af nemendum.

Tækifæri til úrbóta

- Það mætti vera meira samtal milli deilda skólans um kennslu og námsmat
- Miðlægt kennsluefni er að mati nefndarinnar ekki nógu gott
- Samræma þyrfti reglur og eftirfylgni með símanotkun nemenda
- Nemendur vilja að mati nefndarinnar meira samráð um námsmat og kennsluhætti

- Það mætti taka stundatöfluna til endurskoðunar; sérstaklega tvöfalda tíma milli 14:00 og 16:00
- Efla þarf stuðning við AM-nemendur
- Auka þarf fræðslu meðal kennara um hæfniprep í aðalnámskrá
- Margir í nefndinni vildu kanna fýsileika þess að stækka úrtakið í kennslukönnun.

Þáttur 3: Samskipti og líðan

Styrkleikar:

- Jákvæður skólabragur er í flestum deildum skólans.
- Skólinn hefur tekið af mikilli festu á þeim ofbeldismálum sem upp hafa komið.
- Skólinn ætti að halda áfram að vinna gegn menningarmun, t.d. með frekari samstarfi við menningarmiðlara
- Gott samstarf er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans og styður skólinn vel við félagslíf nemenda
- Foreldrar eru mjög vel upplýstir um skólastarfið í gegnum Innu og fréttabréf
- Góð og fjölbreytt tengsl eru milli skólans við grunnskólastigið og atvinnulífið.

Tækifæri til úrbóta:

- Það þarf að vinna gegn hópamyndun í skólanum
- Það þarf að koma í veg fyrir að einstaklingar sem ekki eru nemendur komist inn í skólann.
- Skólinn ætti að skoða hvort það sé hentugt að vera með klúbbastarf einu sinni í viku eftir skóla til að sem flestir finni sig í félagslífinu
- Skólinn ætti að halda gildum sínum oftár á lofti og vinna með þau
- Styðja ætti sérstaklega við félagslíf AM-nemenda
- Skólinn þarf að gera meira til þess að stuðla að virku foreldraráði.

Þáttur 4: Húsnæði, aðbúnaður, fjarnám og lykilárangur

Styrkleikar:

- Aðstaða í húsnæði skólans til kennslu, félagsstarfa og íþróttar er til fyrirmyndar
- Skólinn leggur sig fram um að gera húsnæðið aðlaðandi fyrir nemendur
- Aðstaða í mötuneyti er til fyrirmyndar
- Fjarnám skólans er mjög vel skipulagt að öllu leyti
- Skólinn er í fararbroddi í fjarnámi á landinu
- Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.

Tækifæri til úrbóta:

- Það mætti huga að því að bjóða fjarnámskennurum aðstöðu og tækifæri til að taka upp kennsluferni í hlaðvarpsherbergi
- Skólinn ætti að huga að því að nýta skólalóðina meira til kennslu
- Skólinn ætti að huga að því að færa félagsstarf yfir í klúbbastarf að fyrirmynd Tækniskólans
- Skólinn mætti setja sér stefnur og reglur til að taka betur á svindli, hugverkapjófnaði og notkun á gervigreind
- Skólinn ætti að festa í sessi könnun til fyrrverandi útskriftarnema

- Nefndin var á því að bakslag væri í jafnréttismálum hjá vissum hópi nemenda og að skólinn ætti að efla umræðu um jafnréttis- og lýðræðismál
- Huga þarf að framboði á kennslu í raungreinum.

Skólafundur 9. október

Skólafundur fór þannig fram að kennarar og nemendur ræddu saman í litlum hópum eftir fyrirkomulagi sem forseti Íslands hafði í heimsókn sinni í skólann viku fyrr (3. október)

Rætt var um líðan, ofbeldi, samskipti, kærleik, jákvæðni, samfélagsmiðla og símalausan dag samkvæmt eftirfarandi uppleggi.

- **Líðan:** Líður öllum ungmennum vel í dag? Af hverju líður ekki öllum vel? Hvað gerið þið til að láta ykkur líða vel?
- **Ofbeldi:** Er of mikið ofbeldi í samfélaginu í dag? Hvers vegna haldið þið að það sé?
- **Samskipti:** Hvað eru góð samskipti? Hvernig eru slæm samskipti?
- Hvernig eru **samskipti** ykkar á samfélagsmiðlum? Gætum við vandað okkur betur?
- **Kærleikur:** Hvernig sýnið þið fólki í kringum ykkur kærleika? Hvað þýðir það að sýna kærleika?
- **Jákvæður** leiðtogi er sá sem hefur jákvæð áhrif á aðra, talar ekki illa um aðra og hvetur til samskipta. Ert þú jákvæður eða neikvæður leiðtogi?
- **Samfélagsmiðlar:** Hvað haldið þið að ungmenni eyði miklum tíma á samfélagsmiðlum að meðaltali á dag? Finnst ykkur þið eyða of miklum tíma á samfélagsmiðlum? Settings og Screen time. Hvað eyðið þið mörgum klukkutímum á dag í símanum? Meðaltal um 5-6 klst. En á viku?
- Ef það væri **símalaus** dagur eins og var í „gamla daga“ hvað mynduð þið gera?

Gæðastefna og gæðamarkmið

Skólinn er með gæðavottaða jafnlaunastefnu síðan 2020 sem var síðast endurvottuð vorið 2024 til þriggja ára í senn. Til stóð að endurvotta fjarnám skólans sem fyrst var gæðavottað 2019 á skólaárinu. Skólinn tók hins vegar þá ákvörðun að kerfið þarfnaðist heildstæðrar endurskoðunar, þ.m.t. að setja sér nýja gæðastefnu og ný gæðamarkmið.

Gæðamarkmið skólans fyrir skólaárið voru enn þau sömu:

1. Allir kennarar, jafnt í dagskóla og fjarnámi, skulu fara í kennslumat aðra hvora til þriðju hverja önn.
2. Meta skal alla þjónustu skólans reglulega s.s. ánægju nemenda með mötuneyti, bílastæði, bókasafn o.s.frv.
3. Til að draga úr brotthvarfi og auka námsárangur skal leita allra leiða til að auka skuldbindingu nemenda og viðveru þeirra í kennslustundum.
4. Meta skal starfsemi fagdeilda með skýrslum og samtölum við deildir og deildastjóra. Áhersla lögð á að styðja við það sem vel er gert og bæta úr þar sem betur má fara.

5. Stefnt skal að því að auka prófþátttöku í fjarnámi þannig að hún verði að lágmarki 60% í öllum áföngum.
6. Huga skal vel að umsjón með nýnemum. Umsjónarkennarar þeirra skulu styrktir í starfi og samstarf við heimilin ræktað eins og hægt er.
7. Styðja skal við faglegt starf allra starfsmanna með því að halda árlegan skólaþróunardag; ýmist innanhúss eða með þátttöku fleiri framhaldsskóla.
8. Líðan nemenda skal könnuð reglulega. Mikilvægt er að fá upplýsingar um andlega líðan, vímuefnanotkun, einelti o.s.frv. og leita síðan leiða til úrbóta í samráði við námsráðgjafa og sálfræðing skólans.
9. Stefnt skal að því að rekstur skólans sé innan fjárheimilda.

Allir kennarar í dagskóla fara reglulega í kennslumat á tveggja til þriggja anna fresti. Á skólaárinu fóru allir fjarnámsáfangar í gegnum kennslumat á báðum önnum.

Góð þátttaka var í þjónustukönnun skólans haustið 2024 eða um 63% en þá voru tekin fyrir bókasafn, Setur og námsráðgjöf.

Brottfall nemenda við skólann verður áfram kannað en slík könnun var einnig gerð í sjálfsmatsskýrslu 2023/2024. Brottfall og tilfærsla við skólann er há en brottfall hefur farið lækkandi undanfarin ár skv. mælingum ráðuneytisins (sjá. [sjálfsmatsskýrslu 2023/2024](#))

Þátttaka í lokaprófum fjarnáms er um og yfir 60% eins og fram kemur í [ársskýrslu 2024](#). Í sömu skýrslu kemur fram að 2,7 milljón króna tap var á rekstri skólans 2024. Skólinn náði þar af leiðandi ekki síðasta gæðamarkmiðinu.

Aðstöðu sálfræðings, námsráðgjafa, umsjónaraðila nemenda á einhverfurófi og umsjónaraðila nemenda með lesblindu var komið fyrir á einum stað í norðurálmu skólans; um er að ræða nýinnréttadur skrifstofur með biðstofu ásamt fundaraðstöðu. Skólinn stofnaði til starfs umsjónaraðila nemendabjónustu (áður stoðbjónustu) í 20% starfi. Umsjónaraðili nemendabjónustu heldur utan um umsjónarkerfi skólans og stoðbjónustu skólans en það eru þeir starfsmenn sem sinna sálrænum og félagslegum stuðningi við nemendur. Nemendabjónustan fundar reglulega. Í nemendabjónustunni eru auk þeirra sem starfa í norðurálmu námsráðgjafi úr Námskrafti, deildarstjóri AM-nemenda auk umsjónarmanns Seturins

Líðan framhaldsskólanema var könnuð reglulega á vegum Ráðgjafar og greiningar. Síðast fór slík könnun fram í október 2021. Til stóð að leggja drög að könnun á líðan nemenda á skólaárinu. Skólinn ákvað hins vegar að skrá sig til leiks í [Skólapúlsinum](#) og vera heldur í samfloti með öðrum framhaldsskólum. Skólapúlsinn verður lagður fyrir nemendur í apríl 2026.

Starfsþróunardagur innan skólans var haldinn 29. febrúar. Dagurinn byrjaði með erindi Sigríðar Indriðadóttur um hvetjandi vinnustaðamenningu og árangursríkt samstarf. Síðar um daginn var kynning á [Heillasporum](#) og erindi um gervigreind. Að öðru leyti var boði upp á smíðjur sem hægt var að skrá sig í. Þar fræddu kennarar og aðrir starfsmenn skólans hvern annan um sín hugðarefni eins og stokkatöflu, Moodle/Outlook, tölvuleiki í kennslu, spjallmenni, hljóðvinnslu, Canva forritið og Innu svo fátt eitt sé nefnt.

Samantekt á annarri rýni

Rafræn þjónustukönnun

Rafræn þjónustukönnun var lögð fyrir 9.-30. október 2024. Flestar spurningar sneru að Setrinu, bókasafninu og náms- og starfsráðgjöf. Alls svöruðu 63% nemenda könnuninni sem er með besta móti. Vorið 2024 voru spurningarnar senda til allra hluteigandi aðila. Niðurstöður voru þeim sömuleiðis gerðar aðgengilegar sem og stjórnendum og sjálfsmatsteyminu. Ekki þykir ástæða til birtingar á heimasíðu en niðurstöður sýndu svart á hvítu að þjónusta skólans á umræddum sviðum er vel sótt.

Kennslumat skólaársins 2024-2025

Góð þátttaka var meðal nemenda í kennslukönnunum í dagskóla. 61,2% þátttaka var haustið 2024 og 63,3% vorið 2025. Það er bæting frá síðasta skólaári og hefur þátttakan ekki verið svo góð á einu skólaári í mjög langan tíma.

Minni þátttaka var í kennslukönnun fjarnáms. Um 17,5% nemenda tóku þátt haustið 2024 en 13,2% vorið 2025. Það er heldur verri árangur en vonir stóðu til en að jafnaði betri árangur en skólaárið á undan.

Stofnun ársins

Skólinn kom vel út í Stofnun ársins og [endaði í 6. sæti](#) af 46 í flokki stórra stofnana sem verður að teljast góður árangur. Gefnar voru einkunnir fyrir stjórnun, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunarinnar, ánægju og stolt auk jafnréttis. Skólinn kom vel út í flestum flokkum en hæst náði hann í flokknum um launakjör (2. sæti) og jafnrétti (3. sæti).

Endurvottun á fjarnámi skólans vorið 2025

Til stóð að endurvotta fjarnám FÁ á vorönn en því var frestað um óákveðinn tíma vegna endurskoðunar á gæðakerfi FÁ. Eftir skólaárið valdi skólinn að endurskoða gæðakerfi sitt frá grunni. Skólinn stefnir að því áfram að byggja upp nýtt gæðakerfi fyrir bæði dagskóla og fjarnám og leggja áherslu á virkni og einfaldleika:

- Gæðakerfið mun halda utan um sniðmát fyrir kennsluáætlanir og lokapróf í fjarnámi, starfslýsingar og verklags- og ferlislýsingar svo eitthvað sé nefnt.
- Skjöl gæðakerfisins munu notast við tveggja stafa skammstafanir í stað þriggja í gamla kerfinu. Það er til þess að skapa einfaldleika og gagnsæi.
- Markmiðið með gæðakerfinu er að:
 - það verði virkara en gamla kerfið og að það nýtist starfsmönnum í daglegum störfum
 - efla stofnanaminni skólans með verklags- og ferlislýsingum
 - skapa traust nemenda, foreldra og annarra hagaðila með því að lýsa skólastarfinu á gegnsæjan hátt
 - stuðla að markvissum framförum og endurbótum með því að auðvelda rýni á skólastarfinu.
 - Lýsa og koma á stýringum á samskiptum, sérstaklega í fjarnámi þar sem nemendur eru fjölmennir en fáir á skrifstofu.

- Auka upplýsingagjöf um starfsemina og minnka álag á starfsfólk við útfyllingu á stöðluðum skjölum.
- Nota á Sharepoint/OneDrive til þess að halda utan um öll gæðaskjöl. Skólinn er nú þegar að kaupa Sharepoint í gegnum Menntaskýið og þarf ekki að ráðast í aukafjárfestingar eins og sumir aðrir skólar gera. Einnig er hægt að tengja Sharepoint öðrum Microsoft hugbúnaði eins og Power Automate, Forms og OneDrive.
- Algengum gæðaskjölum eins og sniðmáti fyrir lokaprófi í fjarnámi og kennsluáætlunum verður dreift í gegnum Power Automate og Forms þannig að kennarar slá inn þá stika sem eru viðeigandi í þeirra áföngum og fá drög að kennsluáætlun senda. Með þessu er verið að reyna að lágmarka vinnu kennara við að setja inn staðlaðar upplýsingar.

Þjóðfundur 21. maí

Áhugafólk um skólaþróun (ÁS) FÁ stóð að þjóðfundi á starfsdögum 21. maí. Starfsfólki var skipt í hópa og það beðið um að svara tveimur spurningum:

- Hvað á námið við FÁ að skilja eftir sig hjá nemendum?
- Hvaða aðgerðir þarf að grípa til til að ná þeim markmiðum?

ÁS gerði þemagreiningu á svörum og komu í ljós sex áberandi þemur: Sjálfstraust, félagsfærni og samvinna, sjálfstæði, gagnrýnin hugsun, undirbúningur fyrir háskólanám og samkennd. ÁS flokkaði svo aðgerðir eftir þessum sex þemum. Skýrsla var gerð um þjóðfundinn og þemagreininguna. Þessi vinna nýtist bæði kennurum og stjórnendum við að ígrunda starfið.

Tölfræðileg rýni

Tölfræðihluti ársskýrslunnar er settur fram í nokkrum köflum.

- **Afrakstur af auglýsingaátaki heilbrigðisskólans haustið 2023 rýndur:** Haustið 2023 tók skólinn þátt í auglýsingaátaki með auglýsingastofunni Sahara og auglýsti fjórar starfsnámsbrautir.
- **Mætingarhlutfall:** Mætingarhlutfall er reiknað út frá fjölda kennslustunda og fjarvistarstigum. Fyrir hverja seinkomu í tíma eru gefin 0,33 fjarvistarstig og fyrir fjarveru 1 fjarvistarstig. Mætingarhlutfall er svo reiknað þannig að

$$100\% - \frac{\text{Fjarvistarstig}}{\text{Fjöldi kennslustunda}}$$

Í [sjálfsmatsskýrslu 2023-2024](#) koma fram að þetta hlutfall við skólann hefur batnað á undanförunum árum og einnig að sterkt samband er á milli mætingarhlutfalls nemanda og árangurs.

- **Fjöldatölur eftir námsbrautum:** Fjöldatölur nemenda eru metnar út frá nemendaskrá skólans sem aðgengileg er frá Hagstofu Íslands í gegnum Innu.
- **Opin stúdentsbraut:** Nokkur umræða hefur verið innan skólans um opna braut vegna fjölda nemenda og áherslna. Þeirri umræðu verða gerð skil í þessum kafla.
- **Þróun á kennslumagni í FÁ:** Kennslumagn er mælt í fjölda nemenda á nemendalistum í upphafi annarri í hverjum áfanga og námsgrein.
- **Brottfall og tilfærsla nemenda á milli anna:** Brottfall og tilfærsla nemenda yfir í aðra skóla má sjá á Innu. Hér verður 1. árs brottfalli nýnema haustið 2024 gerð skil. Til nýnema haustið 2024 telja allir nemendur fæddir 2008.

Auglýsingaáttak 2023


Skólinn tók þátt í auglýsingaáttaki með auglýsingastofunni Sahara haustið 2023 og auglýsti fjórar starfsbrautir í heilbrigðisskólanum: Tanntæknaþraut, lyfjatknaþraut, námsþraut fyrir sótthreinsitækna og þjónustutæknaþraut. Þetta áttak var styrkt af heilbrigðisráðuneytinu. Skólinn merkti aukinn áhuga á þessum þrautum á vef skólans haustið 2023 (sjá ársskýrslu 2023). Nemendur

	Braut	Vor 2023	Haust 2023	Vor 2024	Haust 2024	Vor 2025	Haust 2025
Dagskóli	Lyfjatknaþraut	11	12	10	13	11	11
	Námsþraut fyrir sótthreinsitækna	0	0	0	3	2	1
	Þjónustutæknaþraut	6	6	0	0	1	2
	Tanntæknaþraut	24	26	29	38	37	33
	Samtals dagskóli	41	44	39	54	51	47
Fjarnám	Lyfjatknaþraut	19	18	16	28	22	16
	Námsþraut fyrir sótthreinsitækna	0	0	0	2	0	0
	Þjónustutæknaþraut	0	0	0	0	0	0
	Tanntæknaþraut	6	7	5	4	6	4
	Samtals fjarnám	25	25	21	34	28	20
Samtals nemendur á í dagskóla og fjarnámi		66	69	60	88	79	67

Nemendum fjölgaði um að meðaltali um 10% milli áranna 2023 og 2024 og hélst fjölgunin árið 2025. Mestu munar um fjölgun tanntækna í dagskóla haustið 2024 og lyfjatækna í fjarnámi á sömu önn. Námsþrautir fyrir þjónustutækna sótti því miður ekki í sig veðrið og námsþraut fyrir sótthreinsitækna einungis að litlu leyti. Það verður fróðlegt að fylgjast með þróun nemendafjölda í heilbrigðisskólanum á næstu árum. Athygli vekur að toppinum var náð á skólaárinu. Það verður fróðlegt að fylgjast með fjölda nemenda í heilbrigðisskólanum.

Mætingarhlutfall

Upplýsingar fengust af Innu (Einkunnir og viðvera). Efstu tveir ferlarnir sýna meðaltal og miðgildi mætingarhlutfalls (af meðaltali mætingarhlutfalls hvers nemanda). Miðgildi mætingarhlutfalls er 4-9 prósentustigum hærra en meðaltalið. Undanfarnar þrjár annir hefur þessi mismunur verið með minnsta móti eða 5%. Mismunurinn stafar af nemendum sem mæta mjög illa og draga meðaltalið niður.




Neðri tveir kvarðarnir mæla hlutfall þeirra nemenda sem eru með að minnsta kosti 80% mæting og 95% mætingu (miðað við meðaltal mætingarhlutfalls allra áfanga). Allir þessir mælikvarðar sýna að mæting (mætingarhlutfall) á skólaárinu var með besta móti. Mætingar við skólann hafa sótt í sig veðrið eftir að heimsfaraldri vegna covid-19 lauk og skólinn tók upp símat í stað lokaprófa. Einnig er mögulegt að stórir nýnemaárgangar 2022-2024 hafi haft áhrif.


Fjöldatölur eftir námsbrautum

Í sjálfsmatsskýrslu 2023/2024 voru fjöldatölur á stúdentsbrautum en þær eru: Félagsfræðibraut, heilbrigðisvísindabraut, íþrótt- og heilbrigðisbraut, náttúrufræðibraut, opin stúdentsbraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Til starfsnáms má svo telja heilbrigðisritaranám, nuddnám, sjúkraliðanám, tanntæknanám, lyfjatæknanám (í fjarnámi) auk annarra minni brauta í Heilbrigðisskólanum. Við skólann er einnig all stór hópur sem sækir sér fornám fyrir þá sem þurfa undirbúning fyrir nám á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur bæði þau úrræði að innrita nemendur á almenna braut og í Námskraft eftir því hvað hentar. Loks má telja nemendur á nýsköpunar- og listabraut og nemendur á starfsbraut.

Þegar nemendur eru flokkaðir á þennan hátt þá kemur í ljós að nemendafjöldi á stúdentsbrautum og í starfsnámi liggur heldur niður á við. Hins vegar hefur skólinn tekið við stórum hópum í fornámi og svo hefur nemendum fjölgað í listnámi eftir að heimsfaraldri vegna covid-19 lauk.




Nemendur í dagskóla Heilbrigðisskólans hefur fækkað síðan haustið 2021 en að einhverju leyti hefur námið færst yfir í fjarnám. Ef samtölur eru reiknaðar fyrir nemendafjölda dagskóla og fjarnáms Heilbrigðisskóla (enginn nemandi tvítalinn) þá sýnir þróunin svart á hvítu að nemendum hefur fækkað. Munar þar mestu um nuddnám og sjúkraliðanám sem eru fjölmennustu greinarnar.



Miklar sviptingar hafa verið í stúdentsnámi í dagskóla, þar sem opin braut hefur komið inn af krafti, og má segja að um helmingur nemenda sé innritaður á hana. Hún hefur tekið við félagsfræðibraut

sem stærsta námsbraut skólans. Nú er hún mun stærri en næstu brautir á eftir (félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut auk viðskipta- og hagfræðibrautar).



Þessu samfara hefur umræðan í kringum opna braut verið mikil.

Opin stúdentsbraut

Fyrst var byrjað að innrita nemendur á opna stúdentsbraut árið 2022. Nemendur á [opinni stúdentsbraut](#) ljúka stúdentsprófi með 200 einingum. Á brautinni eru 106 skyldueiningar sem sameiginlegar eru með öðrum bóknámsbrautum. Hinar einingarnar 94 geta nemendur valið án nokkurra annarra kvaða en takmörkum um þrepaskiptingu (hámark 66 einingar á fyrsta þrepi og að lágmarki 35 á þriðja þrepi).


Áhugahópur um skólaþróun bað undirritaðan um að skoða námsval nemenda á opinni braut vorið 2025. Bæði skoðaði undirritaður gögn um alla nemendur á brautinni og svo útskriftarnemendur vorið sérstaklega. Heilt yfir taka nemendur á opinni braut meira listnám og minna bóknám. Með listnámi er átt við fatasaum, ferilmöppur, kvikmyndagerð, kvikmyndafræði, leiklist, ljósmyndun, formfræði, listir og menningarsögu, myndlist, rafíþróttir, tölvuleiki, tölvuleikjaspilun og tölvustudda hönnun. Einnig eru nemendur á opinni braut með mikið af einingum sem metnar eru úr fyrra námi.

Ef við tökum þá 25 einstaklinga sem voru að útskrifast þá voru 14 með það mikið mat að ekki þótt rétt að bera nám þeirra saman við annað bóknám í skólanum. Tveir nemendur skiptu yfir af náttúrufræðibraut, þrír af félagsfræðibraut, fjórir af viðskipta og hagfræðibraut og tveir af íþrótt- og heilbrigðisbraut.

- Allir nemendur sem skiptu af öðrum námsbrautum skólans luku listnámi á opinni braut nema einn.
- Níu af nemendunum ellefu luku íslensku og/eða ensku á þriðja þrepi sem vali.

- Einungis einn nemandi valdi sér raungrein á þriðja þrepi.
- Enginn nemandi tók stærðfræði á þriðja þrepi ef þess var krafist á brautinni sem hann skipti af. Slík krafa er til staðar á öllum hefðbundnu brautunum nema félagsfræðibraut.

Einnig voru allir virkir nemendur á opinni braut skoðaðir (um 200 manns) í samanburði við virk stúdentsefni á öðrum brautum. Þá kom í ljós að nemendur á opinni braut eru mun líklegri til þess að ljúka eða vera í listgreinum en nemendur á öðrum stúdentsbrautum. Ekki voru bornir saman kjarnaáfangar sem allir nemendur í stúdentsnámi ljúka heldur aðrir áfangar sem nemendur ljúka á stúdentsbrautum (bóknám, listgreinar og fornám).



Sumir innan skólans benda á að nemendur á opinni braut feti stíg hins minnsta viðnáms og velji sig frá erfiðum fögum. Það er að einhverju leyti rétt að nemendur á opinni braut sækja ekki í raunvísindi og stærðfræði og fara frekar í listgreinar eða jafnvel félagsvísindi. Hins vegar finnst sumum að þessi umræða lykti af gamalli flokkun námsgreina þar sem raungreinar og stærðfræði eru æðri öðrum. Þeir benda á að nemendur velji sér áfanga út frá styrkleikum.

Nám á opinni stúdentsbraut gerir mörgum nemendum kleift að fá mikið af sínu námi metið og útskrifast þannig fyrr en ella.

Margir spyrja sig hvort nám á opinni braut sé e.t.v. ómarkvisst. Aðrir spyrja á móti hvort nám á ýmsum brautum skólans eins og náttúrufræðibraut sé nægilega markvisst, t.d. þurfa nemendur bara einn áfanga í eðlisfræði á náttúrufræðibraut til þess að útskrifast. Slíkur undirbúningur nægir ekki öllu raunvísindanámi í háskóla.

Þróun á kennslumagni í FÁ

Undirrituðum þótti rétt að staldra við og kanna þróun kennslumagns við skólann. Að mati höfundar eru margir þættir sem hafa áhrif. Hér eru nokkrir þættir:

- Í skólanámskrá er áfangaframboð afmarkað og í brautarlýsingum er ákveðið hvað telst til skyldu, hvað er bundið val og á hvaða þrepi áfangar eru.
- Stytting framhaldsskólans úr fjórum árum í þrjú fól í sér að umfang stúdentsnáms minnkaði. Haustið 2015 var tekin í notkun ný skólanámskrá samfara styttingu náms.
- Breytingar í nemendahópnum. Stækkandi hópur AM-nemenda við skólann sem eru nú um 20% nemenda. Skólinn hefur hægt og býtandi bætt við áföngum fyrir þennan hóp. Annar hópur sem hefur áhrif eru stórir nýnemahópar 2023 og 2024.
- Tilkoma nýrra námsleiða eins og opinnar brautar vorið 2022 sem stýra eftirspurn.

Stundum eru þættir samverkandi og erfitt að aðskilja áhrif eins þáttar frá öðrum. Það á við um styttinguna og námskrárbreytingarnar samhliða henni (a-b). Það á einnig við um upptöku opinnar brautar og inntöku stórra nýnema sem yngdu nemendahópinn talsvert (c-d).

Tölur eru fengnar af Innu úr liðnum kennslumagn. Þar má nálgast fjölda nemenda í hverjum áfanga í upphafi annar eftir kennslugreinum. Hver skráning nemanda í áfanga er talin inni í nemendafjölda.


Svokallaðir GR- og UN-áfangar (Stær1gr05, stær1un05, ísle1gr05, ísle1un05, ensk1gr05, ensk1un05, dans1gr05 og dans1un05) voru flokkaðir oftast nær sem fornám.

Vegna sveiflna milli anna þótt skýrsluhöfundi réttast að nota rúllandi meðaltal í sumum tilfellum en þá er tekið meðaltal af nemendafjölda á viðkomandi önn og síðustu tveimur önnum þar á undan.

Erlend tungumál önnur en enska


Kennsla í erlendum málum dróst nær öll saman með námskrárbreytingunum 2015. Nú er svo komið að kennsla í japönsku og frönsku hefur lagst af í dagskóla. Í dönsku var helmingur námsefnisins færður í grunnskóla og nemendum í þýsku fer fækkandi. Það má segja að eingöngu spænskukennsla haf sótt í sig veðrið. Stytting náms til stúdentsprófs minnkaði kennslumagn í erlendum

tungumálum og fækkaði þeim tungumálum sem í boði voru.




Raungreinar

Til raungreina má telja eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði, næringarfræði og umhverfisfræði. Það má segja að kennsla í minni raungreinum hafi dregist umtalsvert saman með nýrri námskrá 2015. Vegna mikilla sveiflna milli anna þótt höfundur réttast að taka rúllandi meðaltal síðustu þriggja anna (meðaltal núverandi annar og tveggja síðustu þar á undan).




Með nýrri námskrá urðu til raunvísindi: RAUN1JE05 (jarðfræði og eðlisfræði) og RAUN1LE05 (efnafræði og líffræði). Þessir áfangar voru gerðir að skylduáföngum á öllum stúdentsbrautum. Umhverfisfræðin var lengi í vandræðum en var færð upp á annað þrep haustið 2021 og gerð að skylduáfanga á öllum stúdentsbrautum. Kennsla í öllum öðrum raungreinum hefur átt undir högg að sækja:



Síðast var eðlisfræði á þriðja þrepi kennd vorið 2016 (EÐLI3BR05) og haustið 2016 var valáfangi í eðlisfræði síðast kenndur í dagskóla (EÐLI2AV05). Efnafræði á þriðja þrepi var síðast kennd haustið 2023 (EFNA3RS05, þar áður EFNA3LE05 haustið 2018). Líffræði var síðast kennd haustið 2018 á þriðja þrepi (LÍFF3ÖR05). Það má leiða líkum að því að ný námskrá og námskipan á náttúrufræðibraut hafi kippt fótum undan minni raungreinum samhliða styttingu.

Stærðfræði

Nemendum á 1. þrepi í stærðfræði hefur fjölgað undanfarnar annir en nemendum á þriðja þrepi fækkað. Það sem skýrir fjölgun á fyrsta þrepi er að skólinn hefur verið að taka inn stóra hópa nýnema sem þurfa að fara í fornám og sækja sér einingar á fyrsta þrepi. Stærðfræði á fyrsta þrepi er fornám og ekki talið með samtölunni í stærðfræði. Síðan 2022 hefur nemendum á þriðja þrepi farið fækkandi. Það er líklegt að opna brautin og yngri nemendur sem síður taka áfanga á þriðja þrepi, hafi haft einna mest áhrif á þriðja þreps stærðfræði; sé vísað í könnunar á útskriftarnemum þá tóku þeir aldrei þriðja þreps stærðfræði sem krafist var á gömlu brautinni í þeim tilvikum sem þeir skiptu um braut.



Nú er svo komið fjöldatölur í stærðfræði á þriðja þrepi ná vart að halda uppi tveimur áföngum eins og þær gerðu áður. Endar voru eingöngu tveir áfangar kenndir á skólaárinu af fjórum áföngum á þriðja þrepi.


Áfangi	Síðast kenndur
STÆR3FD05	Vorið 2025
STÆR3TL05	Haust 2024
STÆR3RH05	Vorið 2024
STÆR3TD05	Vorið 2021

Listgreinar


Með listgreinum er átt við greinar flokkaðar í námsgreinar á Innu í eftirfarandi flokka: Fatasaum, ferilmöppur (portfolio), formfræði, kvikmyndafræði, kvikmyndagerð, leiklist, listir, listir og menningu, ljósmyndun, myndlist, rafráttir, tölvuleiki, tölvuleikjaspilun og tölvustudda hönnun. Þessir áfangar eru kenndir á nýsköpunar- og listabraut. Nemendur í stúdentsnámi geta valið þá og eins og fram hefur komið sækja nemendur á opinni braut mikið í þessa áfanga. Í einhverjum tilvikum er nemendum sem eiga undir högg að sækja í bóknámi vísað á listnám.

Önn	Nemendafjöldi á nýsköpunar og listabraut	Fjöldi nemenda í listgreinum
V17	37	139
H17	47	188
V18	48	200
V24	51	343
H24	69	461
V25	67	449

Nemendafjöldi á nýsköpunar- og listabraut hefur 1-2 faldast frá því sem hann var fyrir heimsfaraldur (vegna covid-19) en kennslumagnið hefur 2-4 faldast vegna aukinnar þátttöku allra nemenda í listnámi.




Sett í sögulegt samhengi þá má segja að listgreinar séu núna orðnar stærri en stóru kjarnagreinarnar (enska, íslenska og stærðfræði):




Hér er fornam í stóru kjarnagreinunum ekki talið með.


Myndlist er langsamlega stærsta námsgreinin í listgreinum. Næst koma kvikmyndagerð og Listir og menning



Einnig er sókn í minni listgreinum




og raf- og tölvugreinum



Það sem skýrir þessa aukningu í listnámi er þrenns konar: Fjölgun nemenda á nýsköpunar og listabraut, val nemenda á opinni braut og einnig það að nemendum með slakan árangur er beint í einhverjum tilvikum í listgreinar.

Íslenska sem annað tungumál

Gríðarlegur vöxtur hefur verið í íslensku kennslu fyrir AM-nemendur undanfarin ár samfara fjölgun þeirra við skólann.




Skólinn hefur jafnframt búið til nýja áfanga sem eru sérstaklega handa AM-nemendum en það eru: ENSK1BY05, FÉLA1AM05, JARÐ1AM05, LAND1AM05, MYNL1AM05, LÍFS1AM02, LÍFS1AM03, SAGA1AM05, UMHV1AM05 og UPPL1AM05. Samanlagður fjöldi nemenda í þessum áföngum er í eftirfarandi töflu.


Önn	Fjöldi nemenda í áföngum sem sérstaklega eru ætlaðir AM-nemendum
H2020	10
V2021	0
H2021	69
V2022	52
H2022	95
V2023	98
H2023	109
V2024	90
H2024	83
V2025	65

Viðskiptagreinar

Með viðskiptagreinum er átt við fjármál, bókfærslu, hagfræði, lögfræði og markaðsfræði. Með tilkomu opinna brautar og yngri nemendum hefur heldur kreppt að viðskiptagreinum þótt erfitt sé að fullyrða hvað framtíðin beri í skauti sér því viðskiptagreinar hafa tekið dýfu áður.




Þegar greinarnar eru sundurliðaðar sést að einkum hagfræði og bókfærsla eiga á undir högg að sækja en lögfræði hefur sótt á.




Félagsgreinar, saga og sálfræði

Með félagsvísindum er átt við: Félagsfræði, félagsvísindi, fjölmiðlafræði, heimspeki, kynjafræði, mannréttindi, og siðfræði. Þessar greinar ásamt sögu og sálfræði eru stærstu félagsgreinarnar sem kenndar eru við skólann. Þær eru fyrirferðarmiklar á félagsfræðibraut sem fyrir tilkomu opinnar brautar var stærsta námsbraut við FÁ.




Eins og sjá má þá hafði stytting námstíma til stúdentsprófs og námskrárbreytingar sem fylgdu ekki sömu áhrif á félagsgreina, sálfræði og sögu eins og þær breytingar höfðu á tungumál og raungreinar. Síðan 2022 hefur kennsla í sálfræði dregist eitthvað saman. Allir þrír þriðja þreps áfangar í sálfræði voru kenndir á skólaárinu (SÁLF3AB05, SÁLF3LÍ05 og SÁLF3ÞS05). Tveir þriðja þreps áfangar voru kenndir í sögu (SAGA3AM05 og SAGA3MM05) en SAGA3KM05 hefur ekki verið kennd síðan 2022.

Ef við skoðum félagsgreinar þá má skipta þeim upp í félagsvísindi sem er einn fyrsta þreps áfangi (FÉLV1IF05) og félagsfræði sem inniheldur áfanga á öðru og þriðja þrepi. Félagsfræði hefur verið á niðurlægi síðan eftir heimsfaraldur vegna covid-19.




Þrír félagsfræðiáfangar á þriðja þrepi hafa verið kenndir síðan 2020. Það eru FÉLA3PR05 (síðast kenndur haustið 2020), FÉLA3AÐ05 (síðast kenndur vorið 2023) og FÉLA3ST05 (síðast kenndur vorið 2024). Enginn þessara áfanga voru kenndir á skólaárinu.

Ef við skoðum minni félagsgreinar þá hefur verið fækkun í heimspeki og siðfræði meðan kynjafræði hefur sótt í sig veðrið.



Fornám

Fornám við skólann hefur verið í einhverjum vexti og farið upp á við meðal annars vegna yngingar nemendahópsins og tilfærslu á námi af framhaldsskólastigi yfir á grunnskólastig. Skólinn fær að einhverju leyti til sín nýnema sem ekki hafa lokið grunnskólanámi að fullu.



Til fornáms voru taldir áfangarnir: DANS1GR05, DANS1UN05, ENSK1GR05, ENSK1UN05, ÍSLE1GR05, ÍSLE1UN05, STÆR1GR05, STÆR1GR02, STÆR1UN02 og STÆR1UN05.

Samantekt á kafla um kennslumagn

1. Mikil sókn er í listgreinakennslu við skólann og eru listgreinar nú stærri en íslenska, enska og stærðfræði að umfangi þegar fornám er ekki talið með. Þessi aukning stafar af fjölgun nemenda á nýsköpunar og listabraut, vali nemenda á opinni braut og því að nemendum með slakan árangur er vísað á listgreinar.
2. Mikil aukning hefur verið í kennslu íslensku sem annars móðurmáls við skólann.
3. Fornám við skólann hefur aukist vegna færslu á námi af grunnskólastigi á framhaldsskólastigi og því að nýnemum við skólann tekst mörgum ekki að ljúka þessu námi í grunnskóla.
4. Síðan 2022 hefur bóknám á öðru og þriðja þrepi dregið saman. Líklega vegna þess að nemendur á opinni braut sækja meira í listnám en einnig vegna þess að margir nýnemar hafa komið inn í skólann á sama tíma.
5. Tungumál í skólanum eiga undir högg að sækja fyrst og fremst vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs og námskrárbreytinganna sem fylgdu.
6. Raungreinar eiga undir högg að sækja nema RAUN-áfangar og umhverfisfræði. Vandinn orsakast af námskrárbreytingum og styttingu námstíma til stúdentsprófs. Nemendur á opinni stúdentsbraut virðast heldur ekki sækja í raungreinar í miklum mæli.

7. Erfiðara er að halda úti stærðfræðiáföngum á þriðja þrepi m.a. vegna þess að nemendur sem skipta yfir af náttúrufræðibraut eða viðskipta- og hagfræðibraut velja ekki stærðfræði á þriðja þrepi.

Brottfall og tilfærsla á milli anna

Mikil umfjöllun var um brottfall nemenda í sjálfsmatsskýrslu 2023-2024. Bæði var fjallað um niðurstöður menntamálaráðuneytisins á brottfalli við skólann en einnig framkvæmdi gæðastjóri sína eigin brottfallsrannsókn í gegnum Innu. Eins og í sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2023-2024 var nýnemum skipt í þrjá áhættuhópa

Hópur	Áhætta
D í kjarnagrein úr grunnskóla (íslenska, enska eða stærðfræði)	Mikil brottfallsáhætta
Mætingarhlutfall undir 80% en ekki D í kjarnagrein fyrsta haustið	Miðlungs brottfallsáhætta
Mætingarhlutfall nemenda yfir 80% á fyrstu önn og ekki D í kjarnagrein úr grunnskóla	Lítill brottfallsáhætta

Á grundvelli þeirrar niðurstöðu spáði gæðastjóri um 9% nýnemabrottfalli við skólann haustið 2024 (með því að spá 25%, 15% og 2% brottfalli eftir áhættu). Haustið 2025 kom í ljós að þetta brottfall er sennilega hærra eða um 12,6% (metið fyrst 10. september og endurmetið 2. desember 2025). Það sem mestu máli skiptir er að brottfallsáhætta er mismunandi eftir hópum. Megin áhættan liggur í fyrri námsárangri nemenda en einnig í mætingu nemenda á fyrstu önn (vísbending um slakan stuðning).

Gæðastjóri mun búa til brottfallsspá fyrir nýnema og birta í næstu sjálfsmatsskýrslu.

Staða nemanda	Nýnemar haustið 2021	Nýnemar haustið 2022	Nýnemar haustið 2023	Nýnemar haustið 2024
Árgangur	2005	2006	2007	2008
Fjöldi		160	251	210
1. árs brottfall				
D í kjarnagrein úr grunnskóla	26%	26%	23%	24%
Mætingarhlutfall undir 80% en ekki D í kjarnagrein fyrsta haustið	19%	20%	14%	14%
Mætingarhlutfall nemenda yfir 80% og ekki D í ferli	7%	4%	2%	8%
Samtals	12%	11%	8%	12,6%

Brottfall AM-nemenda mældist 17% miðað við 10% í síðustu sjálfsmatsskýrslu. Þjóðerni þeirra sem féllu voru ólík og var einungis einn nemandi skráður með sérþarfir.

Markmið skólaársins 2024/2025

kjarnastarfsemi – (umbótaáætlun)

Skólinn sendir inn stefnur ár hvert skv. 31. grein um opinber fjármál (þriggja ára stefnumiðuð áætlun). Markmið skólans með kjarnastarfsemi sinni skólaárið 2024/2025 var að:

- stuðla að betri ástundun bæði fjar- og dagskólanema
- styðja AM-nemendur sérstaklega í námi
- styrkja starfsnám í heilbrigðisgreinum eins og kostur er með kynningum og námsframboði
- styrkja kennslu í dagskóla
- efla, styrkja og standa vörð um gæði fjarnáms skólans.

Aðgerðir skólaárið 2024/2025 í kjarnastarfsemi (umbótaáætlun) voru:

- Nemendur á biðlista 1 settir í fulla stundatöflu
Frá og með vorið 2025 voru nemendur á biðlista 1 settir í fulla stundatöflu (aðgerð lokið)
- Ráðning á umsjónaraðila stoðþjónustu (20% starf) haustið 2024
Ráðin var Sandra Þóroddsdóttir náms- og starfsráðgjafi frá og með haustinu 2024 (aðgerð lokið)
- Tveir nýir áfangar fyrir AM-nemendur. ÍSAN1FL05 haustið 2025 og tjáningaráfangi þar sem viðfangsefni er mynd- og leiklist haustið 2026
ÍSAN1FL05 (framsögn og lestur) var kenndur í þriðja sinn haustið 2025. Mynd- og leiklistaráfangi hefur verið undirbúinn en ekki ennþá kenndur. Einnig er í í skoðun að taka upp menningarlæsisáfanga (aðgerð lokið)
- Menningarfræðsluerindi fyrir AM-nemendur. Samstarfsverkefni við menningarmiðlara/brúarsmiði um miðlun á íslenskri menningu, siðum og venjum. Gert er ráð fyrir 2-6 erindum á hverri önn
Eitt erindi var haldið á skólaárinu fyrir arabískumælandi nemendur skólans. Í ágúst 2025 voru brúarsmiðir til aðstoðar á foreldrafundi með foreldrum arabískra og víetnamskra nemenda.
- Auglýsingaherferð Sjúkraliða- og heilsunuddbrautar. Verkefnið er í samstarfi við Sahara auglýsingastofu líkt og auglýsingaherferð heilbrigðisskólans haustið 2023
Auglýsingaherferðin fór af stað haustið 2025 [sbr. frétt á vefsíðu skólans](#) (aðgerð lokið)
- Ný starfsbraut fyrir sjúkraflutninga. Í undirbúningi er sjúkraflutninganám sem vonast er til að verði komið í gagnið haustið 2025
Þetta verkefni er í biðstöðu frá hendi fagfélags.
- Endurútgefa skólanámskrá með uppfærðum prófareglum. Skólanámskrá var áður útgefin í heild sinni sem heimasíða en nú vill skólinn gefa hana út á pdf-formi
Námsbrautalýsingar eru á heimasíðu og almenni hluti skólanámskrárinnar að hluta til á heimasíðunni. Aðgerð verður framhaldið á næsta ári
- Könnun á líðan dagskólanema. Könnunin verður lögð fyrir á Innu í samstarfi við sálfræðing skólans
Málið var kannað á vorið 2025 og var það niðurstaða skólameistara, sálfræðings og gæðastjóra að best væri skólinn tæki þátt í Skólapúlseinum. Vegna þátttöku skólans í Börn og netmiðlum og íslensku æskulýðsrannsókninni þá þótti gæðastjóra heppilegt að fresta þátttöku til apríl 2026.

- Könnun á gengi nemenda að loknu námi líkt og gert var vorið 2017. Þá verða nemendur sem útskrifuðust fyrir fimm árum spurðir hvað þeir geri fimm árum eftir útskrift
Könnunin var send á alla þá sem útskrifuðust frá skólanum vorið 2021. Haustið 2025 var svo könnun send á alla sem útskrifuðust frá skólanum haustið 2021. Þessu verður framhaldið á næstu skólaárum.
- Viðhaldsvottun fjarnáms. Fjarnám skólans var gæðavottað vorið 2019 af iCert til þriggja ára samkvæmt ISO 9001:2015. Árið 2022 hlaut fjarnám skólans viðhaldsvottun og vorið 2025 er komið að viðhaldsvottun
Gæðastjóri gerði úttekt á gæðakerfi skólans. Það var niðurstaða gæðastjóra að gæðahandbók lýsti ekki gæðakerfi skv. ISO9001:2015 eins og hann hafði vottun fyrir. Haustið 2025 ákvað skólinn að hefja uppbyggingu á nýju gæðakerfi sbr. umfjöllun á bls. 7-8.
- Auglýsingaherferð fyrir fjarnám í samstarfi við Sahara auglýsingastofu
Herferðin fór af stað vorið 2025 með fjórum auglýsingamyndböndum á youtube.

Mælikvarðar skólaársins 2024/2025 (kjarnastarfsemi)

- 1. árs nýnemabrottfall:**

Ártal	2021	2022	2023	2024
Mælingar gæðastjóra	12%	13%	8%	13%
Mælingar ráðuneytis	12%	14%	11%	

- Hlutfall nemenda sem er með 90% mætingarhlutfall eða meira:**

Hér er reiknað meðaltal mætingarhlutfalls hvers nemenda í hverjum áfanga og hlutfall nemenda með hærra mætingarhlutfall en 90%

Ártal	2021	2022	2023	2024
Meðaltal vor og haust	39%	36%	36%	42%

- Meðal mætingarhlutfall nemenda:** Hér er reiknað meðaltal mætingarhlutfalls hvers nemenda í hverjum áfanga og svo tekið meðaltal af því.

Ártal	2021	2022	2023	2024
Meðaltal vor og haust	78%	77%	79%	82%

- Staðnar einingar AM-nemenda:**

Ártal	2021	2022	2023	2024
Meðaltal vor og haust			19	19

- **Fjöldi kenndra áfanga fyrir AM-nemendur:** Hér eru allir áfangar taldir sem kenndir vor og haust á almanaksárinu.

Ártal	2021	2022	2023	2024	2025
Áfangar	LÍFS1AM02, LÍFS1AM03, ÍSÁN1AG05 ÍSÁN1UN05 ÍSÁN1GR05, ÍSÁN1GRNS, ÍSÁN2BS05, ÍSÁN2GM05, ÍSÁN3BÓ05, ÍSÁN3NB05, ÍSÁN3LG05 ÍSTA1AG05, ÍSTA1AF05	ENSK1BF05 ENSK1BY05 FÉLA1AM05 LAND1AM05 LÍFS1AM02, LÍFS1AM03, SAGA1AM05, UPPL1AM05, UMHV1AM05, UPPL1AM05 ÍSÁN1UN05 ÍSÁN1GR05, ÍSÁN2BS05, ÍSÁN2GM05, ÍSÁN3BÓ05, ÍSÁN3NB05, ÍSTA1AG05, ÍSTA1AF05	ENSK1BF05 FÉLA1AM05 LAND1AM05 LÍFS1AM02, LÍFS1AM03, SAGA1AM05, UPPL1AM05, UMHV1AM05, UPPL1AM05 ÍSÁN1UN05 ÍSÁN1GR05, ÍSÁN2BS05, ÍSÁN2GM05, ÍSÁN3BÓ05, ÍSÁN3NB05, ÍSTA1AG05, ÍSTA1AF05	FÉLA1AM05 LAND1AM05, LÍFS1AM02, LÍFS1AM03, MYNL1AM05, SAGA1AM05, UMHV1AM05, UPPL1AM05 ÍSÁN1UN05 ÍSÁN1GR05, ÍSÁN1FL05, ÍSÁN2BS05, ÍSÁN2GM05, ÍSÁN3BÓ05, ÍSÁN3NB05, ÍSTA1AG05, ÍSTA1AF05	FÉLA1AM05 LÍFS1AM02, LÍFS1AM03, SAGA1AM05, UMHV1AM05, UPPL1AM05 ÍSÁN1UN05 ÍSÁN1GR05, ÍSÁN1FL05, ÍSÁN2BS05, ÍSÁN2GM05, ÍSÁN3BÓ05, ÍSÁN3NB05, ÍSTA1AG05, ÍSTA1AF05, ÍSTA1AC05, ÍSÁN1UN10 ÍSÁN1AA10 ÍSÁN2BB10 ÍSÁN3CC10
Fjöldi	13	17	17	17	20

- **Brottfall AM-nemenda:** Hér er mælt nýnemabrottfall nýnemaárganga viðkomandi hausts mælt (nemendur fæddir 2008 árið 2024 o.s.frv)

Ártal	2021	2022	2023	2024
Mælingar gæðastjóra			10%	17%

- **Fjöldi í grunnnámi heilbrigðisskólans:**

Hér er meðalfjöldi reiknaður vor og haust í grunnnámi Heilbrigðisskólans út frá nemendaskrá 8. september á haustin og 25. janúar á vorin.

Ártal	2021	2022	2023	2024
Meðaltal vor og haust	16,5	22,5	17	15

- **Fjöldi starfsbrauta í undirbúningi í heilbrigðisskóla:**

Námsbraut í sjúkraflutningum er á ís að beiðni stéttarfélags.

- **Fjöldatölur námsbrauta í auglýsingaátaki:** Hér er talinn meðalfjöldi í fjarnámi og dagskóla vor og haust árin 2023, 2024 og 2025 en átakið fór af stað haustið 2023

Ártal	2023	2024	2025
Mælingar gæðastjóra	67,5	69	73

- **Brottfall nemenda með D í íslensku, ensku og stærðfræði úr grunnskóla:** Hér er miðað við 1. árs nýnemabrottfall

Ártal	2021	2022	2023	2024
Mælingar gæðastjóra	26%	26%	23%	29%

- **Hlutfall brautskráninga af starfsnámsbrautum Heilbrigðisskóla:** Hér er hlutfallið reiknað milli heildarfjölda útskrifta úr heilbrigðisskólanum og heildarfjölda útskrifta sem eru annað hvort úr heilbrigðisskólanum eða af stúdentsbrautum öðrum en viðbótarnámi til stúdentsprófs. Hér eru tölur fengnar úr ársskýrslum skólans.

Ártal	2021	2022	2023	2024
Mælingar gæðastjóra	36%	46%	41%	35%

- **Hlutfall útskriftarnema 20 ára og yngri:** Hér er hlutfallið reiknað af heildarfjölda útskrifta í stúdents- og starfsnámi að viðbótarnámi til stúdentsprófs slepptu. Hér er reiknað hlutfall þeirra sem ekki voru orðnir 21 árs þegar þeir útskrifuðust.

Ártal	2021	2022	2023	2024
Mælingar gæðastjóra	15%	19%	20%	30%

- **Þátttaka fjarnema í kennslukönnun:** Hér er þátttakan mæld í hlutfalli nemenda sem tóku þátt. Síðan 2023 hefur sá háttur verið hafður á að kennslukönnun er aðgengileg í öllum áföngum fjarnámsins.

Ártal	2021	2022	2023	2024
Meðalþátttökuhlutfall vor og haust reiknað úr skýrslum um kennslumat fjarnáms			9%	18%

- **Hlutfall nemenda sem þreytir lokapróf í fjarnámi:**

Ártal	2021	2022	2023	2024
Tölur fengnar úr ársskýrslum FÁ.	68%	62%	63%	63%

- **Meðaleinkunn áfanga í kennslumati fjarnáms:** Hér eru niðurstöður eingöngu reiknaðar fyrir árin þar sem könnunin var send til allra.

Ártal	2021	2022	2023	2024
Meðaltal meðaleinkunna vor og haust reiknað úr skýrslum um kennslumat fjarnáms			7,6	8,2

Lokaorð

Sjálfsmatsteymið vann í síðasta skipti eftir gömlu gátlistunum við skólann. Nýir gátlistar munu leysa þá gömlu af strax vorið 2026. Nefndin hefur valið sér að fjalla um þá gátlista í nýju kerfi sem snú að faglegu samstarfi, árangri og farsæld nemenda, innri skólaþjónustu, skipulagi og framkvæmd innra mats og ábyrgð og þátttöku. Skólinn vann í síðasta sinn eftir gæðamarkmiðum í gæðahandbók skólans. Gæðaviðmiðin eru samt ekki gleymd en markmiðssetningin er færð inn í þriggja ára áætlun skólans sem hann skilar á hverju hausti til menntamálaráðuneytisins. Þar verða markmið, aðgerðir og mælikvarðar settir fram. Skólaárið 2025-2026 verða hefðbundnar kennslukannanir í dagskóla, fjarnámi og til núverandi og fyrrverandi útskriftarnema. Skólinn tók þátt í tveimur stórum könnunum sem heita Börn og netmiðlar og Íslenska æskulýðsrannsóknin haustið 2025. Vorið 2026 tekur skólinn í fyrsta sinn þátt í Skólapúlsinum. Samhliða því ætlar skólinn að senda út könnun til foreldra á fleiri tungumálum en íslensku til að reyna að virkja þá. Þá mun endurskoðun á skólanámskrá og gæðahandbók halda áfram sem og tölfræðileg rýni. Einnig verður ráðist í fjölmörg verkefni sem sett hafa verið fram í þriggja ára áætlun skólans strax á vorönn 2026:

- Átak um snemmtæka íhlutun í mætingu nemenda.
- Skjalfesta móttökuáætlun, stefnu og stöðumat fyrir AM-nemendur
- Fjölga kynningarmyndböndum í Heilbrigðisskóla og bæta við kynningarmyndböndum um sjúkraliða- og nuddnám.
- Auka jafningjamat á meðal kennara.
- Endurskoða flokkunarkerfi skólans

Reykjavík desember 2025

Unnar Þór Bachmann gæðastjóri

Verk- og framkvæmdaáætlun innra mats 2025-2028

Haustönn 2025 • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms og útgáfa á skýrslum tengdum þeim • Endurskoðun skólanámskrár • Endurskoðun gæðahandbókar • Endurskoðun þriggja ára stefnumiðaðrar áætlunar • Þátttaka í börn og netmiðlar og íslenska æskulýðsrannsóknin • Könnun til fyrrverandi útskriftarnema h21 og útskriftarnema h25 • Útgáfa sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs	Vorönn 2026 • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms og útgáfa á skýrslum tengdum þeim. • Sameiginleg skólaráðstefna • Þátttaka í Skólapúlsinum. • Útgáfa ársskýrslu 2025 • Könnun til fyrrverandi útskriftarnema v22 • Könnun til útskriftarnema v26 • Vinna sjálfsmatsteymis (faglegt samstarf, árangur og farsæld nemenda, innri skólaþjónusta, skipulag og framkvæmd innra mats og ábyrgð og þátttaka) • Þjónustukönnun til foreldra • Innra mat í fjarnámi: endurgjöf og einkunnareglur á Moodle
Haustönn 2026 • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms og útgáfa á skýrslum tengdum þeim. • Þjónustukönnun (mötuneyti) • Endurskoðun þriggja ára stefnumiðaðrar áætlunar • Könnun til fyrrverandi útskriftarnema h22 • Könnun til útskriftarnema h26 • Útgáfa sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs	Vorönn 2027 • Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms og útgáfa á skýrslum tengdum þeim. • Útgáfa ársskýrslu 2026 • Skólaþróunardagur • Starf sjálfsmatsteymis • Könnun til fyrrverandi útskriftarnema v23 • Könnun til útskriftarnema v27

Haustönn 2027

- Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms og útgáfa á skýrslum tengdum þeim.
- Þjónustukönnun
- Þátttaka í börn og netmiðlar og íslenska æskulýðsrannsóknin
- Endurskoðun þriggja ára stefnunmiðaðrar áætlunar
- Könnun til fyrrverandi útskriftarnema v24
- Könnun til útskriftarnema h27
- Útgáfa sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs

Vorönn 2028

- Kennslukönnun dagskóla og fjarnáms og útgáfa á skýrslum tengdum þeim.
- Útgáfa ársskýrslu 2027
- Sameiginleg skólaráðstefna
- Sjálfsmatsskýrsla og ársskýrsla
- Starf sjálfsmatsteymis
-

Viðauki A: Gátlistar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Spurningar	2025
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	B
2. Stefna skólans endurspeglar í öllum starfsháttum hans	A
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	A
4. Það fer fram viðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	C
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	A
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	B
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	B
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd	A
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	B
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	A
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	B
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglar í starfsháttum skólans.	B
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	C
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	A
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	A
16. Niðurstöður kannanna eru jafnóðum kynntar starfsfólki og leitað lausna.	A
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	B
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	C
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	A
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	B

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Spurningar	2025
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	A
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	B
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	B
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	B
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	B
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	B
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	C
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	B
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	B
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	A
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	A
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	B
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	B
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	C
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	B
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	B
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.	C
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.	C
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	A
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	A
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu	B
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	B
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	A

Þáttur 3: Samskipti og líðan

Spurningar	2025
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	B
45. Nemendum líður vel í skólanum.	B
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	C
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	B
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	B
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	C
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	B
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	B
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	A
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	B
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	C
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	B
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	A
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.	B
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.	B

Þáttur 4: Húsnæði, aðbúnaður, fjarnám og lykilárangur

Spurningar	2025
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	A
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	A
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	A
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	A
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	B
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	A
67. Tækjabúnaður fjarnámskennara er fullnægjandi	A
68. Skólinn sér um námskeið fyrir fjarkennara þannig að þeir séu hæfir til að sinna starfinu	B
69. Skólinn sér um að kynna fjarnámskennurum nýjungar á sviði fjarkennslu	A
70. Skipulag fjarkennslunnar er til fyrirmyndar	A
71. Fjarkennurum er ljóst til hvers er ætlast af þeim.	A
72. Fylgst er með því að fjarkennarar sinni fjarkennslunni eins og til er ætlast.	A
73. Sömu kröfur eru gerðar til nemenda í fjarnámi eins og í dagskóla.	B
74. Þjónusta við fjarkennara t.d. vegna tölvumála er alltaf til reiðu.	A
75. Fjarnám Fá er í fararbroddi í fjarnámi í landinu.	A
76. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	B
77. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.	B
78. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	A
79. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	B
80. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	A
81. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	B
82. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	B
83. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	B
84. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	B
85. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.	C
86. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	B
87. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	C